



Alþingi
Erindi nr. Þ 127/1235
komudagur 14. 3. 2002

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.

Tilvís: LHG/108/9.6/HH/sig
12. mars 2002.

Umsögn Landhelgisgæslu Íslands um frumvarp til laga um verndun hafs og stranda 492. mál

Landhelgisgæslan gerir eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið:

1. Það er nauðsynlegt að gera á nákvæmari hátt grein fyrir því í frumvarpinu hvernig samstarfi Hollustuverndar ríkisins og Landhelgisgæslu Íslands varðandi mengunarmál innan lögsögunnar skal háttáð.
2. Í 4. gr. 5. mgr. segir: „Landhelgisgæslan tilkynnir Hollustuvernd ríkisins ef hún verður vör við mengun eða grunur leikur á að um mengun hafs og stranda sé að ræða”. Ekki er tekið fram að tilkynning skuli send til lögregluvalda. Samkvæmt 1. mgr. a. lið laga nr. 25/1967 hefur Landhelgisgæslan með höndum almenna löggæslu á hafinu umhverfis Ísland, jafnt innan sem utan landhelgi. Þegar Landhelgisgæslan verður vör við lögbrot sem ekki er hægt að rannsaka til fulls á hafi úti er send kæra til sýslumanns í viðeigandi umdæmi. Einnig eru gerðar ráðstafanir til að lögregla taki á móti skipi, taki skýrslur af skipstjóra og rannsaki meint brot. Því er lagt til, að kveðið verði á um, að tilkynning verði einnig send til lögregluvalda þegar grunur leikur á að mengun stafi frá ákveðnu skipi.
3. Til að gæta samræmis í 4. gr. þar sem segir: „undir yfirstjórn dómsmálaráðherra” í 5. mgr. mætti standa „undir yfirstjórn umhverfisráðherra” í 2. mgr. Hins vegar er óþarfi að taka fram í lögnum að þessar stofnanir séu undir stjórn framangreindra ráðherra. Það kemur fram í lögum um stofnanirnar.
4. Í 8. gr. frumvarpsins, 3. mgr. er fjallað um losun ómengaðs vatns og sjávar. Ördugt getur reynst að hafa eftirlit með því hvort vatnið eða sjórinn er ómengaður eða ekki. Erlendis hefur mikil vinna verið lögð í að rannsaka áhrif losunar á sjó (ballest) frá skipum á lífríki sjávar og settar ákveðnar reglur um hana. Sjá heimasíðu National Ballast Water Information Clearinghouse.





<http://invasions.si.edu/ballast.htm> Rannsóknir benda til skaðsemi slíkrar losunar. Landhelgisgæslan leggur því til að losun sjávar skuli einungis leyfð innan mengunarlögsögu Íslands að ákveðnum skilyrðum uppfylltum sem ákveða þarf með reglugerð.

5. Í 15. gr. mætti tiltaka nánar hvar á hafsvæðinu við Ísland má grípa til íhlutunar. Er hér verið að tala um landhelgi eða mengunarlögsögu? Í frumvarpinu mætti einnig hafa ákvæði um að dómsmálaráðherra setji reglur um íhlutun, m.a. um hvernig staðið skuli að yfirtöku skips.
6. Í 19. gr. frumvarpsins er fjallað um mengunarvarnarbúnað. Þar er gert ráð fyrir að Hollustuvernd hafi yfir að ráða mengunarvarnarbúnaði. Til þess að auka öryggi þarf að koma upp mengunarvarnarbúnaði um borð í varðskipum. Gera þarf ráð fyrir kostnaði vegna kaupa á slíkum búnaði. Landhelgisgæslan leggur því til að við 19. gr. frumvarpsins bætist eftirfarandi setning: „og um borð í varðskipum Landhelgisgæslu Íslands.”
7. Landhelgisgæslan telur rétt að kanna betur ákvæði um refsiviðurlög í V. kafla frumvarpsins.

Hafsteinn Hafsteinsson
forstjóri